



## 5. fundar stjórnar SSA 16. febrúar 2016.

Fundurinn hófst kl. 12.50 í húsakynnum Austurbrúar Fróðleiksmolanum, Búðareyri 1, Reyðarfirði. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Jón Björn Hákonarson, Andrés Skúlason, Margrét Guðjónsdóttir og Pálína Margeirsdóttir.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerðir frá 4. stjórnarfundum SSA, 2. fundi framkvæmdaráðs SSA og fundi framkvæmdaráðs með sveitarstjórum og 3. fundi samgöngunefndar SSA lagðar fram til samþykkis. Verkefnisstjóra falið að beina þeim tilmælum til formanns samgöngunefndar að tilgreint verði þegar nefndinni berast erindi frá hverjum þau koma, hvenær og efni þeirra.
2. Fundargerð frá Eyþingi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál lagðar fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur lögð fram til kynningar.
  - a) Dagatal stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2016.
  - b) Bréf frá Jöfnunarsjóði.
  - c) Ályktun frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
  - d) Bréf frá Umboðsmanni barna.
  - e) Umsögn SIS um drög reglugerðar um framlög úr Jöfnunarsjóði.
  - f) Viðbótarframlög - Jöfnunarsjóður/fatlað fólk.
  - g) Óskir um umsagnir. ***Stjórn SSA hvetur sveitarfélög til að taka frumvarp atvinnuveganefndar Alþings um veitingastaði, gistingu og skemmtanahald til umræðu og umsagnar. Þá lýsir stjórn SSA yfir þungum áhyggjum af þeirri virðisrýrnun landsbyggðanna sem felast í sífellum niðurskurði á þjónustu hins opinbera, sem m.a. birtist í drögum innanríkisráðuneytis að frumvarpi til nýrra laga um pósthjónustu. Hvað frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga varðar, þá leggst stjórn SSA gegn því að það fari óbreytt í gegnum þingið með ófyrirséðum afleiðingum fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni.***
  - h) Jafnrétti í sveitarfélögum.
  - i) Skipan í bakhóp – efling sveitarstjórnarstigsins. Stjórn SSA samþykkir að skipa formann stjórnar og 1. varaformann til setu í bakhópnum. Gert er ráð

fyrir að innanríkisráðuneytið standi straum af kostnaði við setu fulltrúa SSA í hópnum.

j) Ályktun sveitarstjóra varðandi ljósleiðaravæðingu. **Stjórn SSA leggur á það höfuðáherslu að það sé sanngirnismál að ríkisvaldið komi hreint að því verki að ljósleiðaravæða Ísland. Ljóst er að minni sveitarfélög munu ekki geta ráðið við verkefnið á þeim forsendum sem nú hafa verið kynntar. Þá er það skoðun stjórnar SSA að ríkisvaldið eigi að standa að lagningu ljósleiðara á landsbyggðinni þar sem ekki eru fyrir hendi markaðslegar forsendur. Slíkt er sanngirnismál.**

k) Punktur frá fundi stjórnar SSA og Eyþings með þingmönnum kjördæmisins.

l) Ályktun frá Heimili og skóla.

## 2. Samningur um sóknaráætlun

1. Breyting á úthlutunarreglum. Verkefnisstjóra falið að boða úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Austurlands og verkefnisstjóra á næsta fund stjórnar.
2. Úthlutun Uppbyggingarsjóðs Austurlands 2016.
3. Fagráð og úthlutunarnefnd. Framkvæmdaráði falið að koma með tillögu að nýrri skipan fagráða og úthlutunarnefnda inn á næsta stjórnarfund. Stjórnarmenn senda tillögur sínar á verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála.
4. Árleg greinargerð vegna 2015.
5. Skýrsla frá Breiðdalssetri.
6. Áhersluverkefni 2016. Verkefnin samþykkt af hálfu stjórnar og verkefnisstjóra og formanni stjórnar SSA falið að ganga frá samningum við framkvæmdaaðila um verkefnin.

## 3. Málefni SSA

1. Fjármál – lokun reikninga. Stjórn SSA veitir verkefnisstjóra heimild til að láta loka tveimur reikningum.
2. Almenningsamgöngur.
  - a) Staða í Sternumáli. Formaður greindi frá niðurstöðum matsgerðar sem er SSA ekki í vil og næstu skrefum.
  - b) Fjármál SVAust. Gestur: Jónína Brynjólfsdóttir fór yfir stöðu mála. Stjórn SSA felur henni að ganga frá nauðsynlegum leiðréttingum og stemma af verkefnið.
  - c) Tillaga að gjaldskrá 2016.
  - d) Breytingar 1. mars nk. Liggur fyrir að tveir leggir (kl. 18.00 og 20.00) munu falla niður í byrjun næsta mánaðar. Fjarðabyggð ætlar að halda upp akstri á leggnum kl. 18.00 en að óbreyttu verður hætt að aka leggin kl. 20.00. Brýnt er að tilkynna um þessar breytingar hið allra fyrsta. Stjórn SSA felur verkefnisstjóra að ganga frá þeirri tilkynningu í samráði við starfsmann Fjarðabyggðar í almenningsamgöngum.



3. Afmælistálfing. Farið yfir tillögur sveitarstjóra varðandi málfingið. Samþykkt að miða við dagsþing og að horfa til eins málefnis (uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi) en bjóða jafnframt upp á klukkustundar kynningu á svæðisskipulagsvinnu. Leitað verði eftir samstarfi um gestafyrirlesara erlendis frá. Stefnt verði að því að málfingið verði haldið 31. mars nk. Verkefnisstjóra falið að vinna málið áfram í samvinnu við framkvæmdaráð.

4. Afmælistálgó – tillögur. Verkefnisstjóra falið að afgreiða málinu.

**4. Önnur mál.** Ekki voru önnur mál á dagskrá.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 15. mars kl. 12.30 á Egilsstöðum.

Fundi slitið kl. 16.00.

\_\_\_\_\_  
Sigrún Blöndal

\_\_\_\_\_  
Jón Björn Hákonarson

\_\_\_\_\_  
Margrét Guðjónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Pálína Margeisdóttir

\_\_\_\_\_  
Andrés Skúlason

\_\_\_\_\_  
Stefán Grímur Rafnsson

\_\_\_\_\_  
Hákon Hansson